
1963 nr. 32 26. apríl
Lög um heimild handa ríkisstjórninni
til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands
Skálholtsstað

Tóku gildi 15. maí 1963.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru

í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup Íslands og kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

■ **2. gr.**

□ Ríkissjóður skal árlega greiða kr. 1.000.000,00 í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp.

□ Stjórn sjóðsins skipar kirkjuráð.

□ Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.